

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 136/1038
komudagur 5.3.2009



4.3.2009

Efni: Umsögn um 258. mál; endurskoðun á undanbágum frá I. kafla I. viðauka við EES samninginn

Frumvarpið í 258. máli er endurbætt útgáfa af frumvarpi með sama heiti, sem lagt var fram á 135. löggjafarþingi. Í umsögn Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf um fyrra frumvarpið vorið 2008, lögðu samtökin mikla áherslu á eftirfarandi tvo þætti:


1. Eitt helsta samkeppnisforskot sem íslenskur landbúnaður og úrvinnslugreinar hans hafa í samkeppni við erlendar matvörur er hreinleiki íslenskra landbúnaðarvara. Notkun vaxtahormóna við búfjárframleiðslu er algeng erlendis, auk þess sem alvarlegir búfjárjúkdómar, t.d. kúariða, hafa ítrekað brotist út með þeim afleiðingum að afurðir frá viðkomandi löndum hafa verið dæmdar óneysluhæfar og þeim fargað.
2. Með frumvarpinu var ætlunin að opna fyrir innflutning á hráu kjöti og ógerilsneyddri mjólk til Íslands, ásamt því að breyta eftirlitskerfi fyrir framleiðslu, vinnslu og sölu matvæla. Með þeim breytingum er ástæða til að óttast að traust neytenda til hreinleika innlendra landbúnaðarafurða tapist, því erfitt verði að greina á milli innlendra framleiðslu og innfluttrar.

Samtökin óskuðu þess eindregið að afgreiðslu fyrra frumvarpsins yrði frestað a.m.k. til haustsins 2008 svo tími gæfist til ítarlegs undirbúings vegna þeirra miklu breytinga sem samþykkt frumvarpsins hefði í för með sér.

Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf lýsa ánægju með þær breytingar sem gerðar hafa verið frá fyrra frumvarpi og leggjast ekki gegn samþykkt nýja frumvarpsins. Þá vilja samtökin taka undir umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarpið.

Engu að síður vilja samtökin beina þeim tilmælum til opinberra aðila að öllum löglegum ráðum verði ávallt beitt til að hindra eða takmarka innflutning á hráu kjöti og ógerilsneyddum mjólkurafurðum. Hreinleiki íslenskra landbúnaðarafurða og fjarvera búfjárjúkdóma frá landinu er verðmæt auðlind sem ber að varðveita með öllum ráðum. Vilja samtökin sérstaklega benda á að Nýja Sjáland, ein stærsta útflutingsþjóð mjólkurafurða í heimi, hafa þá einföldu reglu að innflutningur á hráu kjöti sé óheimill nema ástand búfjárjúkdóma í upprunaland vöru sé jafnt eða betra en á Nýja Sjálandi. Samtökin telja að sömu reglu beri að lögfesta á Íslandi.

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf og aðildarfélaga samtakanna,


Magnús H. Sigurðsson
framkvæmdastjóri